



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 49/2016

## Sölubann á CAKE skoteldum frá E-þjónustunni

### I.

#### Málsmeðferð

##### 1.

Neytendastofa tók þátt í átaksverkefni á vegum Prosafe, sem er samstarfsnet evrópskra stjórnvalda á sviði vöruöryggis, þar sem kannað var öryggi skotelda. Verkefnið beindist að því að athuga hvort framfylgt væri ákvæðum vopnalaga nr. 16/1998, sbr. lög nr. 77/2015 um breytingu á þeim lögum, svo og ákvæðum laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Þann 30. desember 2015 komu fulltrúar frá Neytendastofu á sölustað E-þjónustunnar Skeifunni 19, 108 Reykjavík, til að sækja skotelda til að senda til prófunarstofunnar LOM á Spáni. Tekin voru 11 eintök af „CAKE (43F220/020/14)“. Send voru 10 eintök af framangreindum skoteldum til prófunar hjá LOM m.t.t. staðalsins ÍST EN 15957 –5:2010 „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 5: Kröfur um samsetningu og nothæfi“. Auk þess að senda eintök af vörunum til prófunarstofu voru merkingar skoðaðar af Neytendastofu út frá kröfum ÍST EN 15957 –3:2010 „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 3: Lágmarkskröfur um merkingar“. Einu eintaki var haldið eftir hjá Neytendastofu og eitt eintak var innsiglað hjá E-þjónustunni til geymslu þar til að prófun væri lokið.

Helstu niðurstöður prófananna vegna staðalsins ÍST EN 15957 –5:2010 leiddu í ljós að CAKE skoteldar uppfylltu ekki skilyrði ákvæða 6.4.1 og 7.2.5 um skotelda auk þess sem merkingar voru ekki í lagi.

##### 2.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 11. maí 2016, var E-þjónustunni sent afrit af prófunarskýrslunum og þann 19. maí 2016 átti fulltrúi fyrirtækisins fund með Neytendastofu þar sem farið var yfir niðurstöður prófunar á vörunni. Kom fram á fundinum að í ljósi niðurstöðu prófunar á hversu langan tíma það tók frá því kveikt væri í þræðinum þar til skoteldurinn sprakk mætti búast því því



að tekin yrði ákvörðun um sölu- og afhendingabann á IS-21 – CAKE (43F220/020/14). Óskaði Neytendastofa eftir upplýsingum um fjölda eintaka af umræddri vöru sem enn væru til hjá E-Þjónustunni.

Svar barst með tölvubréfi frá E-Þjónustunni, dags. 23. maí 2016, þar sem fram kom að til væru 117 eintök af CAKE. Engin fleiri skrifleg gögn bárust um þessa vöru.

## **II. Niðurstaða**

### **1.**

Mál þetta varðar skoteldana CAKE (43F220/020/14) sem innfluttir og seldir eru hér á landi af E-Þjónustunni ehf. Skoteldarnir voru sendir í prófun til prófunarstofu LOM á Spáni og leiddu niðurstöður prófunar í ljós að varan uppfyllir ekki öryggiskröfur í skilningi vopnalaga nr. 16/1998, sbr. lög nr. 77/2015 um breytingu á þeim lögum, svo og ákvæðum laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, og gildandi staðla um flugeldavörur og sprengibúnað ÍST EN 15957 Hluta 1 – 5. Í því tilviki sem hér um ræðir er veruleg hættu á alvarlegum slysum þar sem varan stenst ekki prófanir. Af hálfu Neytendastofu hafa einnig verið gerðar athugasemdir við merkingar vörunnar. Í svari E-Þjónustunnar kom fram að fyrirtækið ætti 117 óseld eintök af vörunni.

Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 16/1998 má einungis selja, framleiða og markaðssetja skotelda sem uppfylla kröfur laganna og reglna settra samkvæmt þeim. Í 3. mgr. 33 gr. a. laganna er til þess vísað að um skyldur framleiðanda og dreifingaraðila, eftirlit og málsmeðferð fari að öllu leyti eftir ákvæðum laga nr. 134/1995.

Ákvæði 2. gr. laga nr. 134/1995 er svohljóðandi:

*„Framleiðendur mega einungis markaðssetja örugga vöru.*

*Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.*

*Með opinberri markaðsgæslu er leitast við að tryggja að vörur á markaði uppfylli settar reglur að þessu leyti.“*

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 134/1995 er um það fjallað hvað teljist örugg vara og til hvers skuli litið við mat á því hvort vara teljist örugg. Ákvæðið er svohljóðandi:



*„Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:*

*1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.*

*2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.*

*3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.*

*4. Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hættu af vörunni, t.d. börn og eldra fólk.“*

Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, er nánar tilgreint hvaða vörur teljast vera öruggar í skilningi laganna en þar segir:

*„Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.“*

Um skotelda gilda staðlarnir ÍST EN 15957 –5:2010 „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 2: Flokkar og tegundir flugelda“, ÍST EN 15957 –3:2010 „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 3: Lágmarkskröfur um merkingar“, ÍST EN 15957 –5:2010 „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 4: Prófunaraðgerðir“ og ÍST EN 15957 –5:2010 „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 5: Kröfur um samsetningu og nothæfi“.

Í VI. kafla laga nr. 16/1998 eru ítarleg ákvæði um hvernig skoteldar skulu vera merktir en þar kemur m.a. fram að sá sem framleiðir, flytur inn eða verslar með skotelda eigi að sjá til þess að skoteldavörur séu merktar með sýnilegum, læsilegum og óafmáanlegum hætti á íslensku. Auk þessa er kveðið nánar á um merkingar í staðlinum ÍST EN 15957 –3:2010.

Í 21. gr. laga nr. 134/1995 er kveðið skýrt á um skyldu Neytendastofu til aðgerða t.d. ef ábyrgðaraðili vöru, s.s. framleiðandi og dreifingaraðili, hefur ekki gripið til viðeigandi ráðstafana, svo sem rakið hefur verið hér á undan, en þar segir:



*„Eftirlitsstjórnvöld skulu afturkalla, taka af markaði eða banna sölu eða afhendingu vöru ef ljóst þykir að hún uppfylli ekki reglur og kröfur sem gerðar eru um öryggi vöru enda sé ekki unnt að beita öðrum og vægari úrræðum.“*

## 2.

Samkvæmt prófunarskýrslu liggur fyrir að skoteldur nefndur CAKE(43F220/020/14) stóðst ekki prófun sem gerð var á grundvelli staðalsins ÍST EN 15957-5:2010, „Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 5: Kröfur um samsetningu og nothæfi“. Kom fram að of langur tími líður frá því að kveikt er á kveikiþræði þar til springur á skoteldinum.

Með hliðsjón af niðurstöðu prófunnar telur Neytendastofa að skoteldurinn teljist ekki örugg vara í skilningi 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995. Markaðssetning og sala vörunnar er þar með óheimil skv. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 16/1998, sbr. og 2. gr. laga nr. 134/1995. Telur Neytendastofa því, með vísan til 1. mgr. 20 gr. laga nr. 134/1995, sbr. 21. gr., ekki hjá því komist að banna hér með alla sölu og afhendingu á umræddum skoteld. Auk þess skal E-þjónustunni sbr. ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995 eyða öllum eintökum vörunnar og afhenda Neytendastofu sönnun þess efnis frá viðeigandi aðila sem tekur að sér eyðingu hennar.

Sölubann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.

Neytendastofa bendir á að samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 134/1995, varðað það dagsektum, allt að kr. 50.000 á sólarhring, ef ekki er farið að fyrirmælum stofnunarinnar.

Við meðferð málsins voru gerðar athugasemdir við merkingar á vörunni en í ljósi þess að lagt hefur verið bann við sölu og afhendingu á vörunni telur Neytendastofa ekki ástæðu til að grípa til frekari aðgerða vegna merkinganna.

**III.**  
**Ákvörðunarorð:**

„E-þjónustan ehf., Laugalind 3, 201 Kópavogi, er með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit, sbr. og 3. mgr. 33. gr. a. vopnalaga nr. 16/1998, bannað að selja eða afhenda skoteldinn CAKE(43F220/020/14).

Með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit, skal E-þjónustan eyða öllum eintökum vörunnar.

**Bann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.“**

Neytendastofa, 26. september 2016

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir